



## Mikilvæg ráð til skólaforeldra

- *Kenndu barninu þínu að takast á við áskoranir og að njóta þess að leggja sig fram*
- *Kenndu barninu þínu að líta á mistök sem tækifæri til að læra af*
- *Kynntu þér námsmarkmið barnsins þíns*
- *Hafðu réttmætar væntingar til barnsins þíns um námsárangur og samskipti*
- *Hlustaðu á barnið þitt*
- *Talaðu af virðingu um skólafélaga barns þíns og foreldra þeirra*
- *Hjálpaðu barninu þínu til að leysa þau vandamál sem eru á færi þess að leysa*
- *Leitaðu skýringa í skólanum ef efasemdir vakna um nám og/eða velferð barns þíns*
- *Líttu á skólann sem mikilvægan samstarfsaðila og leggðu þitt af mörkum í samstarfinu*
- *Leggðu þig fram um að efla jákvæðan skólabrag í samstarfi við aðra skólaforeldra*
- *Sýndu námi barns þíns áhuga og veittu því stuðning*
- *Talaðu jákvætt um menntun og skóla barnsins*
- *Hafðu réttmætar væntingar til skólans*
- *Hjálpaðu barninu þínu að forgangsraða og skipuleggja tíma sinn*
- *Vertu góð fyrirmynd*

*Enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur barna og líðan þeirra í skólanum eins og viðhorf og stuðningur foreldra (Desforges)*